

## Í felulitum - við friðargæslu í Bosníu með breska hernum

**Bókarhöfundur:** Hildur Helgadóttir

**Bókarheiti:** Í felulitum – við friðargæslu í Bosníu með breska hernum

**Gagnrýnandi:** Silja Bára Ómarsdóttir

**Útgáfa:** JPV, Reykjavík 2007, 292 bls.

### FELULITIR FRIÐARGÆSLUNNAR

Bók Hildar Helgadóttur um störf sín á vegum íslensku friðargæslunnar á Balkanskaga vorið 1998 er læsileg og skemmtileg innsýn í hernaðarheim sem flestum Íslendingum er framandi. Textinn er almennt lipur, persónurnar lifna við á síðunum og Hildi tekst vel að draga fram það spaugilega í oft erfiðum kringumstæðum. Í bókinni er gott flæði en þó síst í fyrsta kaflanum, þar sem Hildur kynnir sjálfa sig fyrir lesandanum.

Hildur vann við hjúkrun á herspítala í Bosníu en hún hafði starfað sem hjúkrunarfræðingur um árabíl hér heima. Brottför Hildar í friðargæsluna ber að á þann veg að ef lesandinn er kunnugur friðargæslu þá fer hann strax að óttast um örlög hennar. Almennt er lögð á það áhersla að fólk eigi ekki að nota þessi verkefni til að flýja erfiðleika heima fyrir, þeir magnist frekar undir því álagi sem friðargæslufólk býr við. Því er aðdragandinn, þar sem Hildur lýsir því hvernig hún sótti um verkefnið í kjölfar sambandsslita, ekki góðs vísir.

Störf á átakasvæðum heilla marga, þau geta verið tækifæri til að láta gott af sér leiða, en lýsingar Hildar á forgangsverkefnum sínum draga vel fram vandann við það að Íslendingar skuli vera settir inn í hernaðarumhverfi í verkefnum sínum. Hún leggur upp í þeirri von að geta hjálpað nauðstöddum en verkefni hennar felast fyrst um sinn eingöngu í að sinna hermönnum á herspítala. Dvölin hefst þó í æfingabúðum í Bretlandi þar sem óstýrilátir Íslendingar þurfa að venjast heraganum. Þau voru fjögur sem fóru samtímis af stað í þetta verkefni og fengu öll foringjatign í hernum. Á æfingatímabilinu dvöldust þau lengst af við góðan aðbúnað og var þjónað til borðs. Margt kom þó skringilega fyrir sjónir og einn daginn situr Hildur að snæðingi við mahóníborðið þegar hún lítur út um gluggann og sér stúlku í fullum herklæðum hlaupandi í rigningunni:

„Þegar hún hljóp framhjá glugganum í þriðja sinn ræskti ég mig og spurði hverju þetta sætti.

Jón majór leit hvasst á mig:

– Hún var með brauðrist inni á herbergi.

– Já, er það já?

[...]

Jón var enn að útskýra hlaup stúlkunnar í rigningunni:

– Það er bannað. Þau höndla ekki rafmagnstæki, þessi óbreyttu. Þetta eru soddan hálfvitar.

– Það er nefnilega það.

– Refsingin er tuttugu hringir í kringum svæðið.

– Einmitt.

– Þau skilja ekki mannamál.

– Akkúrat.“ (bls. 34-36)

Stéttaskipting Stéttaskiptingin og óþol Íslendingsins gagnvart henni er gegnumgangandi í bókinni. Barmenning Bretanna er breytileg eftir því hvaða stétt innan hersins þeir tilheyra og það er athyglisvert að sjá hvernig sumir hreinlega forðast að hljóta of mikinn framgang af því þeir kunna ekki að umgangast fólk af öðrum þjóðfélagsstéttum. Strangar reglur gilda um áfengisneyslu, hver hermaður má einungis drekka tvo bjóra á dag, en sá kvóti virðist alltaf vera nýttur. Þegar fólk lendir í áföllum, eins og íslenski unglæknirinn í bókinni, þá er það drifið á barinn og látið hella sig fullt í snarhasti. Samfélag hermanna byggist á samveru, þeir sem ekki stunda barinn reglulega þurfa að útskýra hegðun sína.

Eins náin og samskipti hermanna þurfa að vera eru afskipti þeirra af heimamönnum mjög takmörkuð, enda má einungis yfirgefa búðirnar til þess að fara út að hlaupa og konur mega alls ekki fara einar síns liðs. Eftir því sem á líður verða verkefni þó fjölbreytilegri og meðal annars fara Hildur og stóllur hennar í hjúkruninni að kenna bosnísku konunum pallaleikfimi.

Ást á hættusvæði Auk þess sem mælst er til þess að enginn fari í friðargæslu í kjölfar áfalla er oft lögð áhersla á að friðargæsluliðar stofni ekki til ástarsambanda meðan á verkefnum þeirra stendur. Hildur

brýtur líka þessa reglu. Á viðamikilli æfingu í Bretlandi horfir hún í augun á lækni og finnur fyrir sterkum tengslum við hann. Hún flýr hins vegar undan ágengni annars læknis en sá fyrri, sem við kynnumst sem Tony, birtist síðan aftur í Bosnía. Þeim tekst að brjóta flestar hegðunarreglur hersins, fara í gönguferðir utan herbúðanna og út að borða í þorpinu. Einhverju sinni sigur hann heillengi inni á herbergi hjá henni og skoðar myndir frá Íslandi þegar verið er að leita að honum og eftir það er öllum ljóst að eitthvað er á milli þeirra.

Hildi og Tony vill það til happs að hann er í flughernum en búðirnar eru reknar á vegum landhersins, sem hefur í raun lítið yfir henni að segja. Annars hefðu þau ekki fengið að umgangast, enda kemur fram í bókinni að í búðunum voru hjón sem ekki máttu hittast nema í fjölmenni. Herinn virðist þó reka einhvers konar tilraunabúðir, ef marka má það sem Vilhjálmur ofursti segir við Hildi eftir að Tony er farinn: „Þú ert almennur borgari og Tony var ekki hér á mína ábyrgð. Við fylgdumst grannt með ferðum ykkar. Láttu þig ekki dreyma um að við hefðum leyft þetta flandur ykkar nema af því að það stóð til að prófa þetta núna í þessari ferð. Þið tókuð af okkur ómakið að velja einhverja til verksins. Við hefðum reyndar aldrei valið ykkur tvö en svona gerast stundum hlutirnir.“ (bls 219).

Umgjörð átakanna Hildur spyr oft um það af hverju stríðið á Balkanskaga hafi verið háð en fátt er um svör meðal samstarfsfólks hennar, sem finnst það ekki skipta máli. Hún svarar því ekki sjálf í bókinni en kynnir fyrir lesandanum nokkra einstaklinga sem snerta við manni. Meðal þeirra er Dusko, lítill drengur sem varð fyrir bíl herprests. Þar sem hermaður olli slysinu bar herinn ábyrgð á meðferðinni. Dusko var sendur til Sarajevo á spítala og þaðan til Pýskalands. Foreldrar hans fengu ekki að fylgja honum. Þegar hann snýr aftur fær Hildur það verkefni að hjúkra honum heima og finnur þá loksins einhvern tilgang í verkefninu. Heimili Duskos var rústir einar, sótugir útveggir og rúðulausir gluggar voru umgjörðin fyrir afmælisveislu hans og bróður hans. „... þessi afmælisbörn höfðust að mestu við í illa þefjandi garði sem umlukti leifarnar af heimili þeirra og útihús á tveimur hæðum. Á neðri hæð þess þjuggu svínin sem lögðu til stækjuna, á efri hæðinni bjó fjölskyldan í einu herbergi. Amma drengjanna svað hins vegar í sundurtættu íbúðarhúsinu.“ (bls. 195).

Saga Hildar vekur lesandann til umhugsunar, hún sýnir umhverfi sínu og samferðafólki einlægán áhuga og reynir að leggja sitt af mörkum þótt reglurnar séu gjarnan framandi. Reynslu hennar má auðveldlega setja í samhengi við eina algengustu spurninguna sem heyrst þegar framlag Íslands til friðargæsluverkefna er rætt, hvort senda eigi Íslendinga, sem eru ókunnugir öllum reglunum og aganum sem herlífinu fylgir, í verkefni á vegum erlendra herja. Reynsla Hildar sýnir að fólk getur leyst þessi verkefni en vekur líka spurningar um hvort framlag hennar hefði ekki verið verðmætara fyrir samfélagið ef hún hefði verið send til starfa á borgaralegum spítala.

Í felulitum er bók sem óhætt er að mæla með fyrir fólk sem hefur áhuga á að starfa á áhættusvæðum erlendis. Hún sýnir vel hversu framandi starfsvettvangur friðargæsla kann að vera, spennandi og ógnvekjandi í senn. Bókin segir ekki frá átökunum á Balkanskaga en sýnir hversu hörmulegar afleiðingar þeirra voru fyrir marga og hversu litlu máli það virtist skipta ýmsa þá sem störfuðu á vettvangi í kjölfarið. Hildur var sem betur fer ekki ein af þeim og það sem gefur bókinni líf er einmitt sú hlýja sem lesandinn skynjar gagnvart íbúum litla þorpsins þar sem hún bjó.